



Borgarráð

***Ný samþykkt innkaupa- og framkvæmdaráðs Reykjavíkur.***

Á fundi borgarráðs 7. febrúar 2019 samþykkti borgarráð tillögur um stjórnkerfisbreytingar sem höfðu það að meginmarkmiði að einfalda, skýra og skerpa stjórnarhætti innan borgarinnar. Tillögurnar voru síðan staðfestar í borgarstjórn þann 19. febrúar. Meðal þeirra breytinga sem samþykktar voru var aukið hlutverk innkauparáðs. Verkefnahópur um samræmingu á samþykktum ráða vann drög að samþykkt fyrir nýtt innkaupa- og framkvæmdaráð sem hefur nú verið rýnd af fulltrúum borgarlögmans, innkaupaskrifstofu og umhverfis- og skipulagssviði. Tillaga að samþykkt ráðsins er lögð fyrir borgarráð sem fer með innleiðingu stjórnkerfisbreytinga.

Lagt er til að borgarráð samþykki tillöguna fyrir sitt leyti og vísi til meðferðar forsætisnefndar.

Virðingarfyllt

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir  
formaður borgarráðs

## Samþykkt fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar

### Umboð

#### 1. gr.

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Ráðið skal haga störfum sínum í samræmi við innkaupastefnu og innkaupareglur Reykjavíkurborgar, samþykktum í borgarráði 14. maí 2019, auk laga um framkvæmd útboða nr. 65/1993 og laga um opinber innkaup nr. 120/2016 eftir því sem við á.

### Verksvið

#### 2. gr.

Innkaupa- og framkvæmdaráð skal móta stefnu í innkaupamálum Reykjavíkurborgar, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Ráðið tekur og til meðferðar tillögur um nýjungar og breytingar á stefnu í innkaupamálum. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með því að innkaupastefnu Reykjavíkurborgar og innkaupareglum sé fylgt við innkaup borgarsjóðs og stofnana hans og tekur til meðferðar ábendingar og athugasemdir þar að lútandi. Innkaupa- og framkvæmdaráð hefur eftirlit með framgangi verkefna á fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar og útboðsskyldra viðhaldsverkefna á vegum Reykjavíkurborgar. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Borgarráð forgangsraðar framkvæmdum á vegum Reykjavíkurborgar og veitir heimild til útboðsskyldra verkefna fjárfestingaráætlunar.

Við eftirlit styðst innkaupa- og framkvæmdaráð m.a. við þau yfirlit um innkaup sem innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnd innkaupaskrifstofa) og sviðum er gert að senda reglulega til ráðsins samkvæmt innkaupareglum. Ráðið skal árlega fara yfir eftirlitsáætlun og skýrslu innkaupaskrifstofu þar sem framkvæmd eftirlitsáætlunar er metin. Getur ráðið jafnframt óskað eftir nánari upplýsingum eða skýrslum um innkaup frá sviðum og stofnunum Reykjavíkurborgar þegar ástæða þykir til.

Ráðið endurskoðar viðmiðunarfjárhæðir 14., 30. og 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar að jafnaði á tveggja ára fresti og gerir tillögur til borgarráðs um breytingar á þeim ef það telur þörf á.

Ráðið afgreiðir innkaupamál yfir tilteknum viðmiðunarfjárhæðum sbr. innkaupareglur Reykjavíkurborgar. Ráðið skal einnig setja reglur um framsetningu skilamata.

Ráðið skal beina athugasemdum og ábendingum um það sem betur má fara í innkaupamálum til viðkomandi sviðsstjóra/forstöðumanns og fagnefndar.

Verði ráðið þess áskynja að það alvarlegir ágallar séu á meðferð innkaupamáls að þörf sé á íhlutun, vísar ráðið því til borgarráðs með tillögu að afgreiðslu.

#### 3. gr.

Innkaupa- og framkvæmdaráð á beina aðkomu að framkvæmd einstakra innkaupa í eftirfarandi tilfellum:

- a. Ráðið getur heimilað lokað útboð meðal valdra bjóðenda án forvals, enda liggi málefnalegar og gildar ástæður þar að baki, sbr. 21. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.
- b. Ráðið tekur ákvörðun um heimild til framhaldskaupa og gerð samningsviðauka, þegar áætluð fjárhæð er yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í 30. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.
- c. Ráðið afgreiðir innkaupamál, sé áætluð samningsfjárhæð yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í 2. mgr. 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.
- d. Ráðið tekur ákvörðun um heimild til að viðhafa bein innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum 14. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.
- e. Ráðið afgreiðir þau innkaupamál sem kaupendur vísa sérstaklega til ráðsins, sbr. 1. mgr. 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.
- f. Ráðið tekur ákvörðun um hvort heimilt sé að veita undanþágu frá skyldu til að nota innkaupaferli við gerð samninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu, sbr. 3. mgr. 16. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.
- g. Ráðið getur veitt heimild til að víkja frá skyldu til að rifta samningi í kjölfar gjaldþrots samningsaðila, sbr. 40. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Ráðið tekur ákvarðanir í málum skv. liðum a.- g. hér að framan að fengnum tillögum kaupanda. Komi upp ágreiningur milli kaupanda og ráðsins geta aðilar, hvor um sig, vísað honum til borgarráðs. Þá getur ráðið ávallt óskað eftir því að borgarráð taki ákvörðun í máli.

Ágreiningu um hvort tiltekið mál eigi undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

#### 4. gr.

Innkaupa- og framkvæmdaráð hefur eftirlit með framgangi þeirra verkefna sem samþykkt eru í fjárfestingaáætlun með eftirfarandi hætti:

- a. Á fundi ráðsins skal eignaskrifstofa kynna verkefni fjárfestingaráætlunar með tíma- og kostnaðaráætlunum.
- b. Á fundi ráðsins skal ársfjórðungslega leggja fram framvinduskýrslu vegna verkefna fjárfestingaráætlunar þar sem fram kemur hver er ábyrgðaraðili verkefnis, samþykkt kostnaðaráætlun, áfallinn heildarkostnaður, áfallinn kostnaður innan árs og framvinda verkefnis samanborðið við áætlun.
- c. Á fundi ráðsins skal leggja fram upplýsingar og skýrslur fyrir einstök verkefni sem ráðið óskar eftir.
- d. Á fundi ráðsins skal leggja fram skilagreinar vegna útboðsverka og skilamöt verkefna eftir því sem við á, sbr. 2. gr. 5. mgr.

#### 5. gr.

Innkaupa- og framkvæmdaráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

Innkaupa- og framkvæmdaráð skal taka fyrir og afgreiða þær kvartanir og ábendingar sem ráðinu berast frá bjóðendum eða seljendum vöru, verka og þjónustu, að fenginni umsögn innkaupaskrifstofu, embættis borgarlögmanns og/eða kaupanda, enda heyri málið ekki undir kærunefnd útboðsmála. Kvörtun skal berast innkaupa- og framkvæmdaráði skriflega innan 20 daga frá því kvartandi vissi eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er tilefni kvörtunarinnar.

Varði kvörtun afgreiðslu innkauparáðs, skal henni vísað til borgarráðs ásamt umsögn ráðsins.

### *Skipan*

#### 6. gr.

Innkaupa- og framkvæmdaráð er skipað fimm fulltrúum, kjörnum af borgarstjórn, og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann, og skal hann vera borgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Innkaupa- og framkvæmdaráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

### *Verkstjórn og verkaskipting*

#### 7. gr.

Formaður innkaupa- og framkvæmdaráðs er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Skrifstofustjóri innkaupaskrifstofu ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins.

### *Boðun funda og fundarsköp*

#### 8. gr.

Innkaupa- og framkvæmdaráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk tveggja fulltrúa í ráðinu um fund ber að verða við því. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi og þegar engin erindi liggja fyrir ráðinu.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við skrifstofustjóra innkaupaskrifstofu og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin fyrir mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði auk þess sem hún skal birt á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar eftir því sem við á.

Skrifstofustjóri innkaupaskrifstofu og borgarlögmaður eru innkauparáði til ráðgjafar og skulu þeir eða staðgenglar þeirra, sitja fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Ráðið getur boðað sviðsstjóra/stjórnendur til fundar við sig og óskað skýringa á innkaupum. Ráðið getur einnig boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

#### 9. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og

senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar.

Innkaupaskrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins.

#### *Samráð*

##### 10. gr.

Ráðið skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Innkaupa- og framkvæmdaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun er varðar hlutverk ráðsins.

#### *Málsmeðferð*

##### 11. gr.

Við undirbúning mála og ákvarðanir ráðsins skal þess gætt að farið sé að stjórnarsýslulögum og verklagsreglum um stjórnarsýsluna. Í samræmi við 121. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 gilda ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga um hæfi gilda ákvarðanir ráðsins sem teknar eru skv. lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og samsvarandi ákvæði innkaupareglna Reykjavíkurborgar en að öðru leyti gilda stjórnarsýslulög ekki um þær ákvarðanir.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu innkaupa- og framkvæmdaráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal innkaupa- og framkvæmdaráð taka málið upp að nýju.

Innkaupa- og framkvæmdaráð getur ákveðið að óska eftir aðkomu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar að einstökum málum eða beint erindum sem því berast til innri endurskoðunar til nánari skoðunar.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum og gildandi innkaupareglur. Fulltrúum í ráðinu er óheimilt að þiggja boðsferðir eða gjafir sem tengjast viðskiptum við Reykjavíkurborg nema með sérstakri heimild borgarstjóra hverju sinni.

Samþykkt í borgarstjórn XX.X 2020